Til aðildarhafna
Hafnasambands Íslands

Reykjavík 5. september 2018

1610004HA VRH
Málalykill: 611

**Efni: Boðun á hafnasambandsþing 2018**

Í samræmi við 5. gr. laga Hafnasambands Íslands boðar stjórn hafnasambandsins til 41. hafnasambandsþings sem haldið verður í Reykjavík, dagana 25. og 26. október 2018.

Samkvæmt 4. gr. laga hafnasambandsins velja aðildarhafnir fulltrúa á hafnasambandsþing og skal fulltrúafjöldi miðast við árstekjur skv. ársreikningi hafnasjóðs næstliðins árs að undanskildum óreglulegum tekjum. Upplýsingar um fjölda fulltrúa hvers hafnasjóðs hafa verið sendar á allar aðildarhafnir.

Varafulltrúar á hafnasambandsþing skulu valdir jafnmargir. Heimilt er aðildarhöfn að senda fleiri fulltrúa en þá sem hafa atkvæðisrétt en greiða þarf 18.000 kr. fyrir hvern aukafulltrúa sem sækir þingið.

Kjörgengir á hafnasambandsþing og í stjórn Hafnasambands Íslands eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum og hafnarstjórnum, auk varamanna þeirra. Að auki eru kjörgengir starfsmenn hafna og sveitarfélaga.

Eins og áður hefur komið fram verður hafnasambandsþingið haldið í Reykjavík dagana 25.-26. október nk. Til viðbótar mun hafnasambandið standa fyrir málþingi miðvikudaginn 24. október í tilefni 100 ára fullveldis Íslands. Þingfulltrúar sjá sjálfir um ferðatilhögun og gistingu. Er fundarmönnum bent á að bóka gistingu hið fyrsta.

Þess er óskað að sveitarstjórnir/hafnarstjórnir tilkynni skrifstofu Hafnasambands Íslands, pósthólf 8100, 128 REYKJAVÍK um kjör fulltrúa á hafnasambandsþing eigi síðar en 15. október nk.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands